

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, efnistökusvæði (námur) í landi Minna-Hofs og Miðhúsa.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. júní 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að í landi Minna-Hofs (Búðanáma E9) og í landi Miðhúsa (Miðhúsanáma E8) verða til tvö ný efnistökusvæði þar sem áður voru landbúnaðarsvæði. Um er að ræða efnistöku vegna áforma um að byggja nýjan tengiveg yfir Þjórsá milli Þjórsárdalsvegur og Landvegur. Úr Búðanámu er stefnt að því að vinna allt að 50.000 m³ af efni og úr Miðhúsanámu allt að 15.000 m³ af efni.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 16. júní 2010.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2010